

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 30. apríl 2018

## Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 16.00.

**Mættir:** Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Björn S. Gunnarsson, Gunnar Kr. Eiríksson, Margrét Gísladóttir, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Baldur Helgi Benjamínsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Þóroddur Sveinsson boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýr áheyrnarfulltrúi
3. Skipan formanns og ritara
4. Verklagsreglur fagráðs
5. Fjármunir til ráðstöfunar í þróunarsjóði
6. Umsóknir í þróunarsjóð
7. Önnur mál

#### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 12. mars 2018, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

#### 2. Nýr áheyrnarfulltrúi.

Landssamband kúabænda hefur óskað eftir að framkvæmdastjóri LK, Margrét Gísladóttir, fái að sitja fundi fagráðs sem áheyrnarfulltrúi. Samþykkt af öllum fagráðsmönnum.

#### 3. Skipan formanns og ritara.

Guðný Helga Björnsdóttir var kjörin formaður og Guðmundur Jóhannesson var kjörinn ritari.

Ritara falið að senda bréf til Landbúnaðarháskóla Íslands, Matvælastofnunar, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði með ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa til næstu tveggja ára.

#### 4. Verklagsreglur fagráðs.

Farið yfir lokadrög að verklagsreglum fagráðs og þær samþykktar. Verklagsreglurnar verða sendar stjórnnum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda til staðfestingar.

#### 5. Fjármunir til ráðstöfunar í þróunarsjóði.

Farið yfir þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar úr þróunarsjóði á þessu ári auk skuldbindinga sjóðsins. Ákveðið að biðja Þórhildi hjá Framleiðnisjóði að óska eftir upplýsingum um stöðu og framgang tveggja verkefna.

#### 6. Umsóknir í þróunarsjóð.

Teknar voru til umfjöllunar umsóknir sem bárust í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar en umsóknarfrestur var til 1. apríl s.l.

**a. Innleiðing mælidagalíkans við vinnslu kynbótamats í nautgriparækt**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Verkefnið felst í innleiðingu mælidagalíkans við vinnslu kynbótamats í íslenski nautgriparækt, þ.e. notkun einstakra mælinga í stað heilla mjaltaskeiða eins og gert er í dag. Við þá vinnu þarf að skoða áhrif innleiðingar líkansins á val fyrir próteinhlutfalli með vali fyrir próteinmagni. Reiknuð verður erfðafylgni próteinmagns og próteinhlutfalls með erfðastuðlum úr MSc.-verkefni Jóns Hjálta Eiríkssonar fyrir hvern dag mjaltaskeiðsins og reynt að meta mælidagaerfðastuðla fyrir prótein% beint til samanburðar. Reiknuð verður fylgni kynbótamats fyrir frjósemi og afurðir, bæði með nógildandi aðferð og mjaltaskeiðslíkani og gerðar verða tillögur um val fyrir afurðum og frumutölu með mælidagalíkani. Horft verður til tengsla afurðaeiginleika og frumutölu, mjólkurþols og efnahlutfalla. Sett verða upp forrit og unninn skýr ferill til notkunar við vinnslu og útreikninga á kynbótamati fyrir afurðir og frumutölu með mælidagalíkani. Forrit og kóðar sem notuð voru í MSc.-verkefni Jóns Hjálta Eiríkssonar verða aðlagðir að reglubundinni keyrslu og fyrir gagnaúttektir og innlestra í nautgriparæktarkerfið Huppu. Síðari hluti verkefnins verður að meta/reikna erfðastuðla fyrir efnahlutföll og innleiða mælidagalíkan við vinnslu kynbótamats fyrir efnahlutföll mjólkur á sama hátt og fyrir mjólkur-, fitu- og próteinmagn sem og frumutölu.

**Afgreiðsla:** Fagráð telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.360.000.

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

**b. Nýtt kynbótamat fyrir frjósemi mjólkurkúa**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Emma Eypórsdóttir. Markmið verkefnisins er að meta erfðastuðla fyrir frjósemiseiginleika íslenskra kúa, þar með talið er endurmat á stuðlum fyrir bil milli burða og mat á öðrum eiginleikum sem upplýsingar eru tiltækar um. Ennfremur að bera saman kynbótamat fyrir frjósemi byggt á þessum eiginleikum og gera tillögu að endurbættu kynbótamati. Verkefninu er ætlað að finna/skilgreina nothæfa frjósemismælikvarða sem hægt verði að nota í endurbætt kynbótamat fyrir frjósemi. Með því móti má ætla að hægt verða að bæta frjósemi íslenska kúastofnsins en engum blöðum er um það að fletta að frjósemi er einhver allra mikilvægasti eiginleikinn í allri nautgriparækt.

**Afgreiðsla:** Fagráð telur verkefnið mjög mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um kr. 2.100.000 af ráðstöfunarfé 2018 og kr. 1.300.000 af ráðstöfunarfé 2019 þar sem verkefnið er til nokkurra ára eða 2020.

Guðmundur Jóhannesson og Þórarinn Leifsson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

**c. Greining á arfgerð 7.500 íslenskra mjólkurkúa og uppsetning svipfarsgagna**

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Baldur Helgi Benjamínsson. Markmiðið með verkefninu er að greina arfgerð 7.500 kúa og kvígna frá búum með traustar skýrsluhaldsupplýsingar, sem hafa þannig upplýsingar um arfgerð og svipgerð. Að því loknu verði nauðsynleg gögn tilbúin til frekari úrvinnslu í fyrirhuguðu doktorsverkefni um uppbyggingu erfðamengisúrvals í íslenska kúastofninum. Með því að tengja saman mælingar á arfgerð og svipgerð þeirra einstaklinga sem mynda grunnerfðahópinn, má leiða fram spálíkan sem notað er til að meta kynbóttagildi gripa á fyrstu mánuðum æviskeiðs þeirra. Slíku líkani er ætlað að leysa núverandi fyrirkomulag af hólmi. Er þess vænst að það muni auka erfðaframfarir verulega og auka hagkvæmni kynbótastarfsins umtalsvert.

**Afgreiðsla:** Fagráð telur verkefnið mjög mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um kr.

2.000.000 og bendir umsækjanda á að aftur verði úthlutað úr þróunarsjóðnum í haust.  
Guðmundur Jóhannesson og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

## 7. Önnur mál.

Þórarinn sagði frá því að nú væri mikið af nýjum stofnum og yrkjum sáðvöru á markaði sem ekki hefðu verið prófuð við héraðslendar aðstæður. Bændur væru því í mikilli óvissu þegar kæmi að vali á sáðvöru. Ákveðið að senda Landbúnaðarháskólanum bréf þar sem skólinn væri hvattur til þess að prófa jafnharðan nýja stofna og yrki þannig að til væru niðurstöður þegar að innflutningi og sölu á markaði hér kæmi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir  
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson  
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson  
(sign.)

Pétur Diðriksson  
(sign.)

Þórarinn Leifsson  
(sign.)

Björn S. Gunnarsson  
(sign.)

Margrét Gísladóttir  
(sign.)

## Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 12. mars 2018
2. Lokadrög að verklagsreglum fagraðs í nautgriparækt
3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar